

og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar 20 kr. til hvors, en  $\frac{1}{4}$  hluti málskostnaðar greiðist af almannafé.

Ídæmdar sektir greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 37/1919:

Sigtryggur Jónsson  
gegn  
Magnúsi J. Franklín.

#### D ó m u r :

Sumarið 1916 vann stefndi Magnús J. Franklín trésmiður á Akureyri hjá áfrýjanda Sigtryggi Jóns syni timburmeistara sama staðar að trésmíði á Siglufirði. Að lokinni vinnu gjörði áfrýjandi upp reikning sinn við stefnda, og samkvæmt þeim reikningi var stefndi talinn skulda áfrýjanda 5 kr. 98 a. — Á reikningi þessum færði áfrýjandi stefnda til tekna 564 vinnutíma á 65 a. og varð kaup hans samkvæmt því 366 kr. 60 a. auk fæðis. Stefndi hélt því hins vegar fram að svo hefði verið umsamið, að hann ætti að fá 75 a. kaup fyrir hverja vinnustund og

taldi hann því kaup sitt vantalið um 56 kr. 40 a.; auk þess taldi hann einn vinnudag 10 stundir vantaldar í reikningi áfrýjanda eða 7 kr. 50 a., og loks krafðist hann 7 kr. 50 a. í kaup fyrir einn dag, er hann var á leiðinni frá Akureyri til Siglufjarðar, Taldi stefndi sér þannig alls vangoldið 71 kr. 40 a, en frá þessari upphæð viðurkenndi hann að draga ætti þær 5 kr. 98 a., er hann var talin skulda í reikningi áfrýjanda, og ætti hann þannig hjá áfrýjanda 65 kr. 42 a. Höfðaði hann þá mál á hendur áfrýjanda fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar til þess að fá hann dæmdan til þess að greiða sér þessar 65 kr. 42 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Lauk þessu máli svo fyrir aukaréttinum, með dómi uppkveðnum 3. febr. þ. á., að krafa stefnda um 7 kr. 50 a. fyrir vantaldar vinnustundir og 7 kr. 50 a. dagkaup á leiðinni til Siglufjarðar var ekki tekin til greina; þar á móti var krafa stefnda um vantalið vinnukaup 56 kr. 40 a. tekin til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða þá upphæð að frá-dregnum áðurnefndum 5 kr. 98 a. eða 50 kr. 42 a. með 5 % ársvöxtum frá sáttkærudegi 28. febr. 1917 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. maí þ. á. og krefst hann þess að verða sýknaður af kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur

og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum kemur hjer eingöngu til álita ágreiningur málsaðila um upphæð tímakaupsins. Áfrýjandi heldur því fram, svo sem sagt hefir verið, að stefndi hafi verið ráðinn með 65 aura kaupi um hverja vinnustund auk fæðis, en stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um 75 aura kaup fyrir vinnustund Þessi samningur milli málsaðila var munnlegur og hefir hvorugur þeirra fært sönnur á hvernig samið var, en þar sem ætla má, eftir því sem fyrir liggur í málinu, að kaupkrafta stefnda fari ekki fram úr venjulegu trésmíðakaupi á Siglufirði um þann tíma árs, verður svo sem undirdómarinn hefir gjört, að dæra áfrýjanda til þess að greiða stefnda 75 aura kaup fyrir hverja vinnustund. Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og héraðsdómurinn, og ákvæði dómsins um vexti og málskostnað einnig samþykkjast, ber að staðfesta nefndan dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Sigtryggur Jónsson greiði stefnda Magnúsi J. Franklín 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar

séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 45/1919: Hreppsnefnd Stykkishólmsbreypps  
 gegn  
 Halldóri Illugasyni.

D ó m u r :

Þegar hreppsnefndin í Stykkishólmsbreyppi jafnaði niður auka-útsvörum til hreppsins seint í nóvember 1917, lagði hún 40 kr. útsvar á stefnda Halldór skipstjóra Illugason, sem þá var fluttur búferlum til Bíldudals, en hann leit svo á að eigi væri lög til þess, að útsvar þetta yrði lagt á hann og neitaði að greiða það. Hreppsnefndin beiddist þá lögtaks á útsvarinu og var lögtakið framkvæmt 31. des. f.á. samkvæmt úrskurði fógeta af hreppstjóranum í Patreksbreyppi en þangað var stefndi þá fluttur. Stefndi mótmælti lögtakinu og skaut því til úrskurðar fógeta en fékk hreppstjóra 60 kr. til geymslu og tryggingar útsvarinu og lögtakskostnaði, ef honum yrði talið skylt að greiða það. Þann 29. jan. þ. á. gekk úrskurður fógeta, sýslumannsins í Barðastrandarsýslu í málinu á þá leið, að lögtaksgjörðin 31. des. f.á. skyldi úr gildi felld, fjárhæðin 60 kr., er stefndi hafði látið til tryggingar,